

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2006
um gildistöku reglna um aðallista yfir lágmarksbúnað og
lista yfir lágmarksbúnað loftfara, 1. breyting auk leiðbeininga.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að frá og með 1. nóvember 2006 skuli taka gildi reglur Flugöryggissamtaka Evrópu um aðallista yfir lágmarksbúnað og lista yfir lágmarksbúnað loftfara, JAR-MMEL/MEL (*Master minimum equipment list / Minimum equipment list, Amendment 1*), 1. breyting, útg. 1. ágúst 2005.

Samhliða skulu taka gildi leiðbeiningar sem birtar hafa verið af Flugöryggissamtökum Evrópu, JAA, í dreifibréfi nr. 26 varðandi flugrekstur þegar settur er saman listi yfir lágmarksbúnað loftfars samkvæmt ákvæðum reglugerðar um flutningaflug. Tilvísun til leiðbeininganna er þessi: “*Leaflet 26: Guidance Document for MEL Policy*” (“*JAA Administrative & Guidance Material, Section Four: Operations, Part Three: Temporary Guidance Leaflet (JAR-OPS): Leaflet No 26: Guidance Material for MEL Policy*”).

Samhliða fellur úr gildi ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2004 um skilyrði fyrir samþykki á lista yfir lágmarksbúnað (MEL) flugvéla hjá handhöfum flugrekstrarleyfa útgefna af Flugmálastjórn Íslands.

Með vísan til IV. og IX. kafla, sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 verður ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Reykjavík, 25. október 2006.

Porgeir Pálsson
flugmálastjóri